

**Mál nr. 28/2012**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður varð fyrir áfallastreituröskun er móðir hans slasaðist á vinnustað.**

**Gögn.**

13. Málskot, móttekið 25.1.2012, ásamt fylgigögnum.
14. Bréf X, dags. 20.2.2012, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 20.2.2009 var M við störf í matvælaværksmiðju V. K, móðir M, vann einnig á vinnustaðnum og vann í umrætt sinn við gerð hrásalats. Við það verk var tekið majónes úr sérstakri tunnu þar sem það var geymt undir loftþrýstingi. Vildi þá til það slys að lok sprakk af tunnunni þeyttist í K og samstarfskonu hennar. Við slysið mun K hafa slasast alvarlega. V hafði ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. X mun hafa viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni vegna líkamstjóns K.

Í fyrirbyggjandi vottorði geðlæknis kemur fram að hann hafi séð M 25.11.2009. Hafi M sagst hafa orðið vitni að því er K varð fyrir fyrrgreindu slysi. Hann svæfi 4 klst. að hámarki á hverri nóttu og endurupplifði slysið stöðugt. Kvað lækniþetta vera dæmigerð einkenni áfallastreituröskunar, auk þess sem hann kvað hjartaeinkenni sem hafi greinst hjá honum tengjast kvíða hans eftir slys K.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X sem og slysatryggingu launþega. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum vátryggingunum.

**Álit.**

Í lögregluskýrslum vegna slyssins og öðrum gögnum varðandi rannsókn á slysinu verður ekki séð að M sé getið sem vitni að slysinu. Verður að telja ósannað að hann hafi verið vitni eða beinlínis séð er móðir hans varð fyrir slysinu. Verður ekki talið að V beri skaðabótaábyrgð á þeim sjúkdómseinkennum sem læknir telur að M hafi fengið í kjölfar slyssins. Tjón M af völdum þessara einkenna fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Samkvæmt 9. gr. í skilmálum slysatryggingar launþega hjá X greiðir félagið nánar tilteknar bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir, en skv. 8. gr. skilmálanna er með hugtakinu slys átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“ Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sjúkdómseinkennum þau sem M býr við og rakin verða til slyss K teljist vera meiðsl á líkama hans í skilningi téðs ákvæðis í vátryggingarskilmálunum. Tjón M telst því ekki heldur bótaskyld úr slysatryggingu launþega hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. mars 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.